



Lagt fyrir 364. fund velferðarráðs 13. nóvember 2019

VEL 2019090011

RÁ/ag

Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um langtímaveikindi starfsmanna velferðarsviðs í heild árin 2017 og 2018

Þann 4. september 2019 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn

Fram kemur að meðalveikindahlutfall velferðarsviðs í heild fyrir tímabilið jan. til júní 2019 var 8 prós. en var 7.7 prós á síðasta ári sem segir að sá hópur sem fer í langtímaveikindaleyfi er að stækka. Hvað margir starfsmenn hafa farið í langtímaveikindaleyfi á velferðarsviði árið 2017 og 2018. Gott væri samhliða svari að fá upplýsingar um heildarfjölda starfsmanna á sviðinu og starfshlutfall. Loks er spurt hvort þetta sé eitthvað hærra eða lægra hlutfall en t.d. á Skóla- og frístundarsviði. Ástæðan fyrir spurningum sem þessum er m.a. til að kanna hvort fólks sé að veikjast mikið vegna álags og þreytu.

Svar:

Frá janúar 2017 til september 2019 hafa 5100 starfsmenn starfað á velferðarsviði og hafa 427 þeirra verið veikir samfelld lengur en 30 daga í senn eða 8,4% starfsmanna.

Frá janúar 2017 til september 2019 hafa 9290 starfsmenn starfað á skóla- og frístundasviði og hafa 821 þeirra verið veikir samfelld lengur en 30 daga í senn eða 8,8% starfsmanna.

Árið 2017 voru að meðaltali 2635 starfsmenn á velferðarsviði í 1643 stöðugildum. Samtals störfuðu 3408 starfsmenn á velferðarsviði árið 2017 og voru 178 þeirra frá vegna veikinda lengur en 30 daga í senn árið 2017 eða 5,2% starfsmanna.

Árið 2018 voru að meðaltali 2725 starfsmenn á velferðarsviði í 1701 stöðugildi. Samtals störfuðu 3559 starfsmenn á velferðarsviði árið 2018 og voru 208 þeirra frá vegna veikinda lengur en 30 daga í senn árið 2018 eða 5,8% starfsmanna.

Árið 2019 (janúar – september) voru að meðaltali 2874 starfsmenn á velferðarsviði í 1788 stöðugildum. Samtals störfuðu 3465 starfsmenn á velferðarsviði janúar-september 2019 og voru 166 þeirra frá vegna veikinda lengur en 30 daga í senn á sama tímabili eða 4,8% starfsmanna.

Árið 2017 voru að meðaltali 5387 starfsmenn á skóla- og frístundasviði í 4119 stöðugildum. Samtals störfuðu 6835 starfsmenn á skóla- og frístundasviði árið 2017 og voru 293 þeirra frá vegna veikinda lengur en 30 daga í senn árið 2017 eða 4,3% starfsmanna.

Árið 2018 voru að meðaltali 5512 starfsmenn á skóla- og frístundasviði í 4241 stöðugildum. Samtals störfuðu 6982 starfsmenn á skóla- og frístundasviði árið 2018 og voru 381 þeirra frá vegna veikinda lengur en 30 daga í senn árið 2018 eða 5,5% starfsmanna.

Árið 2019 (janúar - september) voru að meðaltali 5640 starfsmenn í 4350 stöðugildum. Samtals störfuðu 6839 á skóla- og frístundasviði janúar-september 2019 og voru 360 þeirra frá vegna veikinda lengur en 30 daga í senn á sama tímabili eða 5,2% starfsmanna.

Athuga þarf að ofangreindar hlutfallstölur tilgreina hlutfall starfsfólks í langtímaveikindum af heildarfjölda starfsmanna. Er því ekki um að ræða veikindahlutfall af vinnustundum sem alla jafna er reiknað þegar rætt er um hlutfall veikinda. Starfsmenn geta verið í mismunandi starfshlutfalli og verið í skertu starfi vegna hlutaveikinda eða í fullum veikindum.

Ekki er haldið utan um upplýsingar um eðli veikinda en skv. viðverustefnu Reykjavíkurborgar eiga stjórnendur svokallað viðverusamtal við starfsmenn ef um er að ræða tíðar skammtímaveikindafjarvistir og endurkomusamtal þegar starfsmenn koma til baka eftir langtímaveikindi. Í þessum samtölum eru m.a. ræddir þættir í vinnuumhverfi sem kunni að hafa áhrif á heilsu starfsmanna og eru álagstengdir þættir þar á meðal.

Regína Ásvaldsdóttir
Sviðsstjóri